# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Qair

## VERKEFNASTJÓRI Í VINDORKU

Qair Iceland ehf er hluti af Qair Group sem er alþjóðlegt orkufyrirtæki sérhæft í endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Qair starfar í 12 löndum m.a. í Evrópu, Suður Ameríku, Asíu og Afríku. Qair Iceland er með 800 MW í þróun á vindorku á Íslandi. Félagið er stærsti hluthafi Arctic Hydro ehf, sem þróar og rekur íslenskar vatnsaflsvirkjanir. Qair Iceland er einnig eigandi raforkusölufyrirtækisins Vistafl ehf.

Umsóknarfrestur er til og með **19. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsóknir skilist inn á ensku. Nánari upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, **hlynur@hagvangur.is** og Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

Við leitum að öflugum og hæfileikaríkum verkefnastjóra til að aðstoða við þróun verkefna á sviði vindorku frá hugmynd til gangsetningar virkjunar. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík. Starfið krefst ferðalaga.

**Helstu verkefni:**

- Undirbúa og samræma verkefni með hagsmunaaðilum
- Arðsemismat í samstarfi við sérfræðinga
- Samskipti við ráðgjafa og ráðgjafafyrirtæki
- Umsjón með verkefnum og starfsáætlunum
- Greiningar og skýrslugerð
- Vinna að öflun leyfa og umhverfismats
- Þróa og viðhalda tengslum við hagsmunaaðila og stofnanir
- Upplýsingagjöf til stjórnenda

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistaragráða í rafmagns-, byggingar-, iðnaðar- eða vélaverkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á UT, GIS og AutoCAD æskileg
- Góð samskipta- og ritfærni
- Enskukunnátta skilyrði, frönskukunnátta kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipuleg vinnubrögð og hæfni til að vinna í teymi

HAGVANGUR

# Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Störfin henta öllum kynjum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- 18 ára lágmarksaldur
- Góð samskiptahæfni
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Heiðarleiki og stundvísi
- Bílpróf er skilyrði

Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsfólk í framleiðslu fer á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

**Norðurál** er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Við framleiðum ár hvert um 320.000 tonn af hreinu áli og álblöndum sem fara á erlenda markaði. Íslenski áliðnaðurinn er ein helsta útflutningsgrein landsins.

asi CERTIFIED PERFORMANCE — bsi. ISO 9001 Quality Management — ISO 14001 Environmental Management — ISO 45001 Occupational Health and Safety Management — ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi — Jafnlaunaúttekt PwC 2019

NORÐURÁL






# Sérfræðingur í alþjóða- og nýsköpunarteymi

Rannís óskar eftir sérfræðingi í fullt starf. Starfið felur í sér aðstoð og ráðgjöf við íslensk fyrirtæki og stofnanir sem nýta sér þjónustu Enterprise Europe Network eða sækja um í Tækniþróunarsjóð og Skattfrádrátt rannsókna- og þróunarverkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á íslensku rannsókna- og nýsköpunarumhverfi nauðsynleg. Reynsla af nýsköpun er kostur
- Þekking á hugverkarétti og hagnýtingu rannsókna er æskileg
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5830 eða netfanginu agust.h.ingthorsson@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til kl. 12:00, miðvikudaginn 20. janúar 2021.**

Sækja skal um á vefsíðu Rannís á **www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/**.
Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Rannís er líflegur vinnustaður með rúmlega 50 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

---

# Seltjarnarnesbær
## Laus störf

**Frístundaheimilið Skjólið**

- **Uppeldismenntaður starfsmaður** óskast í 70-100% starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2021.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

---

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



---

STEYPUSTÖÐIN

# Framkvæmdastjóri - Steypustöðin í Borgarnesi

*Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu úr steypubifreiðum og varðaði þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi. Í dag starfa tæplega 300 manns hjá félaginu, þar af 130 í Borgarnesi. Þjónustugeta félagsins spannar yfir stórt landssvæði og félagið getur þjónað stórum hluta landsmanna í steypu, hellum, múrvörum, einingum og öllu sem viðkemur burðarvirkjum í mannvirkjagerð. Verksmiðjan í Borgarnesi er í rúmlega 12.000 fermetrum og er öflugasta einingaverksmiðja landsins í forsteyptum einingum og rörum.*

*Fyrirtækið er byggt á sterkum fjárhagslegum grunni og leggur mikla áherslu á nýsköpun. Stöðugt er unnið að vöruþróun og innleiðingu nýjunga í framleiðslu.*

**Steypustöðin** auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra einingaverksmiðju Steypustöðvarinnar í Borgarnesi. Starfið heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins og er viðkomandi hluti af framkvæmdastjórateymi Steypustöðvarinnar.

Leitað er að framsæknum stjórnanda með reynslu af rekstri og stjórnun. Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir umbótahugsun og hafi skilning á mikilvægi bestunar á framleiðsluferli og hámarksnýtingu þeirra tækifæra sem eru framundan í rekstri.

**Ábyrgðarsvið**

- Daglegur rekstur og stjórnun starfsstöðvar.
- Mannauðsstjórnun.
- Bestun framleiðsluferla.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Tryggja að ferli frá pöntun til afhendingar sé skilvirkt.
- Innleiðing breytinga og nýrra tæknilausna.
- Greiningar og eftirfylgni lykilmælikvarða.
- Ábyrgð og eftirfylgni á umhverfis-, gæða- og öryggismálum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl og árangursrík reynsla af stjórnun og rekstri.
- Leiðtogahæfni og geta til að byggja upp sterka liðsheild.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af verkefnastýringu og ferlavinnu.
- Þekking og reynsla úr byggingariðnaði og skilningur á þróun tæknilausna er kostur.
- Góð greiningarhæfni.
- Framsýni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama einstaklinga af báðum kynjum til að sækja um.

**Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Chief Financial Officer

*Crowberry Capital invests at seed and early stage in outstanding teams building global businesses around true technology advantages. We work with our teams to build fast paced, international companies from the Nordics.*

*The founding partners behind Crowberry Capital have managed over 60 technology start-ups, negotiated over 15 exits and made over 30 seed investment.*

*Crowberry's current portfolio of companies consists of healthtech, gaming, fintech and enterprise software companies.*

*www.crowberrycapital.com*

**Crowberry Capital** is a Nordic venture capital fund investing in seed and early stage tech companies. We are growing and expanding and looking for an experienced CFO who will have the opportunity to shape the role and be a key team member.

**Responsibilities**

- This is an operational finance role, responsible for the daily finances and all back-office activities
- Financial planning, preparation of operating plans and supervision
- Review of all current financial and commercial reporting and design and integration of improved reporting and analysis where appropriate
- Oversight of all contracts and agreements
- Responsible for the production and presentation of monthly management reports and quarterly shareholder reports
- Reporting and preparation of annual meetings
- Diverse projects related to investments and the start-up environment

**Qualifications**

- University degree in finance, law, or engineering, and ideally a master's degree
- A keen interest in technology and innovation
- Excellent excel and modelling skills
- Interest in startup legal environment
- Outstanding analytical skills, attention to detail, proactive and self-motivated
- Great initiative and an ability to work independently
- Strong written and verbal communication skills in English and Icelandic
- International experience is a bonus

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a detailed cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

**The application deadline is January 20th.**

Apply for the job at **www.vinnvinn.is**.

**Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) and Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Framkvæmdastjóri

Starfsþróunarsetur háskólamanna

*Hlutverk Starfsþróunarsetursins er að efla mannauð í samvinnu við stofnanir og félagsmenn aðildarfélaga BHM. Starfsþróunarsetrinu er ætlað að hvetja stofnanir til að styðja starfsmenn til að auka og nýta þekkingu sína í starfi, og veita þeim tækifæri til að þróa faglega hæfni sína.*

**Starfsþróunarsetur háskólamanna (STH)** leitar að öflugum framkvæmdastjóra sem hefur áhuga, getu og drifkraft til að leiða faglegt starf setursins í takt við breytingar sem framundan eru á vinnumarkaði.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi umhverfi þar sem reynir á frumkvæði, lausnamiðað viðhorf og ríka samskiptahæfni.

Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn STH og starfar náið með henni til að ná markmiðum starfsþróunarsetursins.

**Helstu verkefni**

- Efla starfsþróun háskólamanna.
- Innleiða og fylgja eftir stefnu stjórnar.
- Yfirumsjón með kynningarstarfi og upplýsingagjöf setursins.
- Daglegur rekstur skrifstofu.
- Undirbúningur funda og gagnaöflun.
- Ýmis tilfallandi verkefni og samskipti.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfni og lipurð í samskiptum.
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrift.
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun.
- Innsýn í opinberan vinnumarkað og breytingar sem eru framundan á þeim vettvangi.
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Reynsla af skipulagningu og uppbyggingu námskeiða er mikill kostur.
- Reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum hæfileikaríkt fólk af öllum kynjum til að sækja um.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF





# VERKEFNASTJÓRAR – LEIÐTOGAR Í SKÓLASTARFI

## við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Menntavísindasvið auglýsir eftir leiðtogum af vettvangi til að starfa í Háskóla Íslands. Laus eru til umsóknar allt að fjögur störf verkefnisstjóra á sviði kennaramenntunar til tveggja ára. Starfshlutfall er 25%. Starfið hentar starfandi kennurum og/eða skólastjórnendum með viðamikla reynslu af vettvangi og skólaþróun.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Í starfinu felst fyrst og fremst kennsla í námskeiðum, en einnig samskipti við starfsvettvang, þátttaka í þróun kennaramenntunar og önnur verkefni sem viðkomandi eru falin af deildarforseta ásamt því að taka þátt í að byggja upp samstarf milli háskólakennara og fagfólks á vettvangi um fagþróun og nýsköpun í skólastarfi.

**Hæfnikröfur**

- Meistarapróf á sviði kennslu- og menntunarfræði eða jafngild menntun, ásamt að hafa leyfisbréf kennara.
- Starfsreynsla úr leik-, grunn- eða framhaldsskóla.
- Góð færni í kennslu.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum. Horft verður til þess að umsækjendur falli sem best að aðstæðum og þörfum sviðsins í heild.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2021**

Nánari upplýsingar veitir Lára Rún Sigurvinsdóttir – lararun@hi.is – 525 5905

Sjá nánar um starfið á vefsíðu Háskóla Íslands undir laus störf og starfatorg.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

# SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum með um 1.330 íbúa.
Sveitarfélagið Vogar er mjög vel staðsett í nágrenni við þjónustu og vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins, en býður upp á rólegt og vinalegt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna. Framundan er mikil uppbygging, svo sem í tengslum við framkvæmdir við nýtt hverfi sem fullbyggt mun að minnsta kosti tvöfalda íbúafjölda sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Nánari upplýsingar um störfin veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.



Sveitarfélagið Vogar óskar eftir að ráða sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi málaflokksins og gegnir jafnframt leiðandi hlutverki við stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum í samráði við viðeigandi nefndir. Sviðsstjóri sinnir jafnframt hlutverki byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ábyrgð á stjórnun og starfsmannamálum sviðsins auk rekstri stofnana sviðsins
- Skipulagsgerð og önnur verkefni er lúta að skipulagsmálum, lóðum og lendum
- Fjárhagsáætlunargerð og gerð framkvæmdaáætlana
- Ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins og verklegum framkvæmdum þeim tengdum
- Umsjón með umhverfismálum, náttúruvernd, fegrun bæjarins og umhirðu, opnum svæðum, sorphirðu og sorpeyðingu, fráveitu og vatnsveitu og starfsemi þjónustumiðstöðvar
- Yfirumsjón með umferðar- og samgöngumálum og ábyrgð á viðhaldi gatna og stíga, lýsingum, snjómokstri, hálkueyðingu og samskiptum við Vegagerðina
- Skráning fasteigna og eftirlit með byggingaframkvæmdum
- Undirbúningur funda sem tilheyra málaflokknum og ábyrgð á eftirfylgni mála
- Stefnumótun, samhæfing og samþætting ásamt mati á verkefnum og þjónustu

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðkomandi þarf að uppfylla menntunar- og hæfnikröfur samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Viðkomandi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Þekking og reynsla af stefnumótun í málaflokknum er kostur
- Reynsla af stjórnun starfsmanna og verkefnastjórnun er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta, ásamt kunnáttu í teikniforritum

HAGVANGUR



# Blámi

Blámi er nýtt samstarfsverkefni á Vestfjörðum sem snýr að nýsköpun og þróun tækifæra í vetni, orkuskiptum og grænni verðmætasköpun tengdri starfsemi á svæðinu. Að verkefninu standa Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Vestfjarðastofa.

**Markmið samstarfsins:**

- Styðja við orkuskipti á svæðinu með áherslu á orkuskipti skipa og báta, í flutningum á landi og sjó
- Skapa vettvang fyrir alþjóðleg tilrauna- og þróunarverkefni á sviði orkuskipta
- Starfa með fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu að grænni verðmætasköpun og nýsköpun í iðnaði, samgöngum, flutningi og ferðaþjónustu
- Stuðla að grænni þróun Vestfjarða með því að kortleggja og markaðssetja orkuauðlindir með áherslu á fjölþætta nýtingu og stuðla að bættri nýtingu svæðisbundinna auðlinda
- Stuðla að bættum innviðum sem styðja við orkutengda nýsköpun
- Stuðla að auknum rannsóknum á sviði orkuskipta með öflugu samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf
- Vinna að möguleikum Íslands á að verða leiðandi þegar kemur að samspili orku, umhverfis og samfélags

Landsvirkjun

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Vestfjarðastofa

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Leitað er að drífandi og jákvæðum leiðtoga til að leiða samstarfsverkefnið Bláma næstu árin. Leitað er að framúrskarandi einstaklingi með brennandi áhuga á sjálfbærnimiðaðri verðmætasköpun og tækifærum í orkuskiptum til að þróa og fylgja eftir markmiðum Bláma. Starfsstöð framkvæmdastjóra er á Vestfjörðum.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með daglegum rekstri Bláma
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Koma fram fyrir hönd Bláma og kynna starfsemi verkefnisins
- Samskipti og tengsl við hagaðila
- Halda utan um verkefni innan Bláma
- Leita tækifæra til að efla verkefnið

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólanám sem nýtist í starfi. Meistaranám æskilegt
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Leiðtogahæfni og drifkraftur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð tungumálakunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

## RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTJÓRI

Leitað er að öflugum einstaklingi til að halda utan um þátttöku Bláma í rannsókna- og þróunarverkefnum. Rannsókna- og þróunarstjóri vinnur þétt með framkvæmdastjóra Bláma og hefur frumkvæði að mótun og fjármögnun nýrra verkefna í samstarfi við framkvæmdastjóra, stjórn og hagsmunaaðila. Starfsstöð rannsókna- og þróunarstjóra er á Vestfjörðum.

**Helstu verkefni:**

- Vinna að mótun og þátttöku Bláma í innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum
- Þróa öflugt samstarf við mennta- og rannsóknastofnanir
- Aðstoð við að koma verkefnum Bláma á framfæri
- Verkefnastjórn einstakra verkefna
- Samskipti og tengsl við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistara- eða doktorspróf sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af gerð styrkumsókna í innlenda og erlenda sjóði
- Reynsla af rannsókna- og þróunarstarfsemi
- Reynsla af verkefnastjórn
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til **15. janúar**. Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

HAGVANGUR

# FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG MARKAÐSSVIÐS

PÓSTURINN

**Hjá Póstinum starfar lausnamiðað keppnisfólk sem tekur fagnandi á móti síbreytilegum áskorunum um öflugar og hraðar dreifingarlausnir sem standast kröfur viðskiptavinarins. Framkvæmdastjóri er öflugur og framsækinn leiðtogi í hópi jafningja við stjórnun fyrirtækisins.**

Umsóknarfrestur er til og með **19. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

Íslandspóstur leitar að sterkum leiðtoga til að leiða áframhaldandi framþróun og umbætur á þjónustu- og markaðsmálum félagsins. Leitað er að víðsýnum einstaklingi í ábyrgðarmikið og krefjandi starf. Undir þjónustu- og markaðssvið heyrir þjónusta við viðskiptavini, markaðs- og ímyndarmál ásamt sölu til einstaklinga og fyrirtækja. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi sviðsins og tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð. Hann vinnur enn fremur að stafrænni þróun og aðlögun þjónustu Póstsins að kröfum og væntingum viðskiptavina hverju sinni.

**Helstu verkefni**

- Ábyrgð á þjónustu við viðskiptavini
- Frumkvæði að umbótaverkefnum þar sem viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti
- Ábyrgð á sölu- og markaðsmálum
- Nýsköpun og þróun viðskiptatækifæra
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af þjónustu- og markaðsmálum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi þekking á stafrænum þjónustulausnum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og drifkraftur
- Skýr framtíðarsýn
- Góð íslensku- og enskukunnátta og góð tjáningarhæfni

HAGVANGUR





SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# FJÁRMÁLASTJÓRI

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna og á sama tíma endurspegla áherslur eigenda sinna í að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins. SORPA bs. sér um rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar, gas- og jarðgerðarstöðvar, urðunarstaðar og sex endurvinnslustöðva. Þá hefur félagið einnig umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna, rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tíu talsins og eru höfuðstöðvar SORPU bs. að Gylfaflöt 5 í Reykjavík

SORPA leitar að drífandi og jákvæðum einstaklingi til að leiða fjármáladeild fyrirtækisins. Starfið er spennandi og krefjandi stjórnunarstarf en fjármálastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og situr í framkvæmdastjórn SORPU.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á allri fjármálastjórn í samráði við framkvæmdastjóra
- Yfirumsjón með áætlanagerð og eftirfylgni
- Ábyrgð á reikningshaldi og launavinnslu, ásamt jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85
- Vinnsla og greining fjármálatengdra upplýsinga og miðlun þeirra
- Fjárstýring og innra eftirlit
- Ábyrgð á samskiptum við innri- og ytri endurskoðendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta og fjármála
- Reynsla af áætlanagerð, rekstri, reikningshaldi og fjármálastjórnun
- Árangursrík stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku. Önnur tungumálakunnátta er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

HAGVANGUR

# Lausafjárstýring

**Lánasjóður sveitarfélaga auglýsir eftir sérfræðingi í lausafjárstýringu**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um Lánasjóðinn og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga sem eru 69 talsins.

### Starfssvið

- Stýring og ávöxtun lausafjár.
- Uppgjörsvinna í tengslum við árs- og árshlutauppgjör.
- Upplýsingagjöf til eftirlitsaðila.
- Ýmis greiningarvinna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og áhugi á skuldabréfum.
- Reynsla af notkun gagnasafna og Excel.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði. Próf í verðbréfaviðskiptum kostur.
- Góð þekking á ársreikningum. Uppgjörsreynsla mikill kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í mæltu og rituðu máli.
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Óttar Guðjónsson framkvæmdastjóri Lánasjóðsins í síma 515 4948 eða í gegnum netfangið ottar@lanasjodur.is

**Umsóknafrestur er til og með 28. janúar 2021.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og starfsferilskrá á umsoknir@lanasjodur.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um persónuvernd.

Lánasjóður sveitarfélaga | Borgartúni 30 | 128 Reykjavík | S. 515 4949



Hafnarfjörður

# SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Stjórnsýslusvið hefur yfirumsjón með þeirri þjónustu sem bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar veita íbúum sveitarfélagsins og öðrum sem til þeirra leita með vandaða málsmeðferð að leiðarljósi.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs eru stjórnsýsla, lögfræðitengd málefni og mannauðsmál. Á stjórnsýslusviði eru eftirfarandi málaflokkar: stjórnsýsla, lögfræði, skjalavarsla, mannauðsmál og gæðastjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar nk**.
Sækja skal um starfið á vef Hafnarfjarðarbæjar **radningar.hafnarfjordur.is**

Hafnarfjarðarbær óskar eftir öflugum einstaklingi í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sem fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu bæjarins.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun og rekstur stjórnsýslusviðs
- Undirbúningur funda bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Ábyrgð á að stefnumörkun og ákvörðunum bæjarráðs og bæjarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun við fagsvið bæjarins og fjárhagsheimildir
- Ábyrgð á virkni stjórnkerfis bæjarins og yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu og stoðþjónustu
- Staðgengill bæjarstjóra í fjarveru hans

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótun, samningagerð og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að miðla þekkingu, setja fram mál og upplýsingar á íslensku og ensku

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, **hlynur@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

HAGVANGUR

Jafnréttisstofa

# Sérfræðingur

**Jafnréttisstofa auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings.**

Starfshlutfall er 100%. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga á sviði jafnréttis- og mannréttindamála þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála á því sviði sem löggjöf um jafnréttismál tekur til, þ.e. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018. Jafnréttisstofa er staðsett á Akureyri.

**HELSTU VERKEFNI SÉRFRÆÐINGS ERU:**

- Yfirferð og greining gagna vegna jafnlaunastaðfestingar með áherslu á starfaflokkanir og launagreiningar.
- Þátttaka í teymi sérfræðinga á sviði jafnlaunastaðfestingar og jafnréttis á vinnumarkaði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem falla undir starfsemi stofnunarinnar.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Æskilegt er að námið veiti sterkan grunn í úrvinnslu og greiningu gagna.
- Þekking og reynsla af kjaramálum, jafnlaunamálum og jafnlaunavottun.
- Þekking á sviði kynja- og jafnréttismála sbr. gildissvið ofangreindra laga er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Mjög góð skipulagsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku í ræðu sem riti.
- Góð kunnátta í ensku.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsókn skal fylgja yfirlit náms- og starfsferils ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið.**

Starfið er laust strax. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum ríkisins við BHM. Umsóknafrestur er til 25. janúar og skulu umsóknir berast Jafnréttisstofu, Borgum v. Norðurslóð, 600 Akureyri eða í tölvupósti í póstfangið *jafnretti@jafnretti.is.*
Nánari upplýsingar veitir Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri í síma 460 6200, *katrin@jafnretti.is*

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Jafnréttisstofa • Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri • Sími 460 6200
jafnretti@jafnretti.is • www.jafnretti.is

# Lagna- og loftræsihönnuður

Verkfræðistofa Reykjavíkur óskar eftir að ráða hönnuð til að takast á við fjölbreytt verkefni auk uppbyggingar á nýju fyrirtæki

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Próf í verk- eða tæknifræði
- Þekking og hönnunar- og teiknihugbúnaði
- Starfsreynsla í faginu er skilyrði

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið á vsr@vsr.is**

Verkfræðistofa REYKJAVÍKUR



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

# Umsjónar- og eftirlitsmaður á tæknideild Vestursvæðis á Ísafirði

Vegagerðin auglýsir eftir umsjónar- og eftirlitsmanni með nýframkvæmdum og viðhaldi á tæknideild Vestursvæðis. Um er að ræða fullt starf á starfsstöð á Ísafirði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- → Verk- eða tæknifræðimenntun er kostur
- → Reynsla af ámóta störfum er kostur
- → Reynsla af umsjónar- og eftirlitsverkefnum er kostur
- → Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- → Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- → Frumkvæði og faglegur metnaður
- → Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- → Góð tölvukunnátta
- → Góð íslenskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2021.**

**Starfssvið**
- → Við erum að leita eftir umsjónar- og eftirlitsmanni sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni. Umsjón- og eftirlit með framkvæmda- og viðhaldsverkefnum. Áætlanagerð, tæknilegur undirbúningur og eftirfylgni með framkvæmdum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vestursvæðis palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is og í síma 522 1000.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á www.vegagerdin.is**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.




# VERKEFNASTJÓRI VARMAORKU

Varmaorka óskar eftir að ráða verkefnisstjóra með reynslu af stjórnun og uppbyggingu jarðhitaverkefna. Um er að ræða uppbygginguð nokkrum stöðum á Íslandi.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði vélfræði / vélstjórnun / verkfræði eða sambæðilegu námi sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af veitu- eða jarðvarmaverkefnum er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking af iðnaðarframleiðslu er kostur.
- Góð tölvufærni og kunnátta í ensku, rituðu og töluðu máli.
- Frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og góð samstarfshæfni er mikilvæg.

**Helstu verkefni :**
- Verkefnastjórnun, eftirfylgni og uppbygging jarðvarmavirkjanna.
- Áætlanagerð og stýring verkefna.
- Utanumhald og upplýsingagjöf.

Verkefnisstjórinn þarf að hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu og er dagleg starfsstöð að Borgartúni 27, Reykjavík, þegar ekki er verið á vettvangi framkvæmda.

Í boði er starf hjá kraftmiklu fyrirtæki sem býður upp á skapandi og bjarta starfsstöð með metnaðarfullum samstarfsfélögum.

Frekari fyrirspurnir og starfsumsóknir sendist rafrænt á:
Ragnar Sær Ragnarsson, framkvæmdastjóra
Netfang: ragnar@varmaorka.is Sími: 861 7227

**Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2021.**

Farið verður með fyrirspurnir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

***Varmaorka er íslenskt fyrirtæki sem leggur áherslu á tækifæri sem felast í framleiðslu rafmagns á jarðhitasvæðum, tækifæri sem ekki hafa verið nýtt til þessa þar sem jarðhiti er um og yfir 100°C.***

***Varmaorka þróar, fjármagnar, reisir og starfrækir smáar jarðhitavirkjanir á Íslandi. Búið er að reisa fyrstu virkjanir félagsins á Suður – og Vesturlandi.***

***www.varmaorka.is***




# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**

## HÓPSTJÓRI VIÐHALDSÞJÓNUSTU VÉLBÚNAÐAR

Hópstjóri óskast í viðhaldsþjónustu. Viðkomandi ber ábyrgð á verkstjórn, daglegri umsjón og skipulagningu viðhaldsþjónustu og hefur það hlutverk að stuðla að aukinni framþróun innan viðhaldsstjórnunar. Hópstjóri sér um rekstur varahlutalagers og tekur þátt í vali á búnaði, uppbyggingu á gæða- og öryggisstjórnun fyrir deildina og veitir tæknilega aðstoð.

Frekari upplýsingar veitir
Jón Haraldsson deildarstjóri,
**jon.haraldsson@isavia.is**

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í raf- eða vélvirkjun
- Framhaldsmenntun innan vél-, iðn- eða tæknifræði er kostur
- Reynsla af verkstýringu er skilyrði
- Þekking á iðnstýringu er kostur
- Góð tölvukunnátta sem og íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

## VERKEFNASTJÓRI FLUGBRAUTAKERFIS- OG VEGAVERKEFNA

Við óskum eftir að ráða verkefnastjóra til að stýra, samræma og þróa verkefni tengd flugbrautum og flughlöðum, akbrautum og vegagerð. Verkefnastjóri ber ábyrgð á hönnun og innkaupum, ásamt afhendingu verkefna til framkvæmda og eftirfylgni þeirra. Auk þess ber hann ábyrgð á að hönnun sé í samræmi við kröfur hverju sinni.

Nánari upplýsingar veitir
Jón Kolbeinn Guðjónsson deildarstjóri,
**jon.gudjonsson@isavia.is**

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórn er skilyrði
- Reynsla og þekking á malbiki, steypu eða hönnun vega er kostur
- Reynsla af flugvallahönnun eða af sambærilegu flækjustigi er kostur
- Framsýni og sjálfstæð vinnubrögð

## SÉRFRÆÐINGUR Í AÐGERÐAGREININGU

Sérfræðingur óskast í aðgerðagreiningu. Helstu verkefni eru öflun, úrvinnsla og framsetning gagna sem og þátttaka í umbóta- og framkvæmdaverkefnum sem miða að því að auka afköst Keflavíkurflugvallar. Isavia vinnur markvisst að því að bæta ákvarðanatöku með nýtingu gagna og er sérfræðingur í aðgerðargreiningu lykilþátttakandi í þeirri vinnu.

Frekari upplýsingar veitir
Guðmundur Karl Gautason,
forstöðumaður,
**gudmundur.gautason@isavia.is**

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verkfræði eða sambærilegri grein
- Mjög góð þekking á tölfræði og úrvinnslu gagna
- Hæfni í Python/R er kostur
- Þekking á Power-Bi eða sambærilegum BI lausnum er kostur
- Framsýni og sjálfstæð vinnubrögð

## VERKEFNASTJÓRI HÖNNUNAR

Verkefnastjóri óskast í stýringu verkefna og samræmingu hönnuða og hagaðila verkefna. Viðkomandi ber ábyrgð á utanumhaldi fjárfestingaverkefna á hönnunarstigi, afhendingu þeirra til framkvæmda og að fylgja eftir samskiptum við hönnuði í gegnum líftíma verkefna samkvæmt ferlum Isavia um fjárfestingaverkefni.

Nánari upplýsingar veitir
Jón Kolbeinn Guðjónsson deildarstjóri,
**jon.gudjonsson@isavia.is**

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórn er skilyrði
- Reynsla af hönnunarstjórn, hönnun og BIM er kostur
- Þekking á flugvallahönnun eða á sambærilegu flækjustigi er kostur
- Framsýni og sjálfstæð vinnubrögð

JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli fyrirtækisins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR:
**24. JANÚAR**

isavia



MOSFELLSBÆR

## Aðalbókari óskast í fjármáladeild Mosfellsbæjar

**VIÐ LEITUM AÐ DRÍFANDI OG METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGI Í STARF AÐALBÓKARA**

Fjármáladeild Mosfellsbæjar er stoðdeild sem sér um umsýslu fjármála bæjarins. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu og álagningu gjalda. Fjármáladeild hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, árshlutauppgjör og gerð ársreiknings. Í deildinni starfa fjármálastjóri, verkefnastjóri, innheimtufulltrúi, aðalbókari og bókari. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins og gerð uppgjörs. Fjárhagskerfi fjármáladeildar er Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV).

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Viðskiptafræðimenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistarapróf í reikningsskilum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög
- Þekking og reynsla á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Gerð verkferla og samþætting Dynamics BC (NAV) við önnur kerfi
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði sjálfstæði og skipulagshæfni
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics BC (NAV) er kostur
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2021.**
Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton fjármálastjóri í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

## EMBASSY CHAUFFEUR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu einkabílstjóra lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **17. janúar 2021.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Chauffeur. The closing date for this postion is **January 17, 2021.** Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Sjálandsskóli**
- Stuðningsfulltrúi

**Urriðaholtsskóli - leikskólastig**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Sunnuhvoll**
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is



vistor

# Viðskiptastjóri

**Vistor** leitar að metnaðarfullum liðsmanni í sterka heild til að sinna krefjandi starfi viðskiptastjóra í einum af lyfjaklösum fyrirtækisins.

### Helstu verkefni

- Sala- og markaðssetning lyfja
- Greina og miðla upplýsingum um klínískar rannsóknir í tengslum við þróun og verkun lyfja á breiðu meðferðarsviði
- Fylgja ströngum gæðakröfum í allri starfsemi
- Skipulagning á fræðslufundum innanlands og erlendis fyrir heilbrigðisstéttir
- Áætlunargerð og eftirfylgni
- Samstarf við erlenda birgja
- Þátttaka í þjálfun og ráðstefnum erlendis

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun af heilbrigðissviði
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum æskileg
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða lýðheilsufræða er kostur
- Mjög góð hæfni í samskiptum og framsögutækni
- Sjálfstæð vinnubrögð en jafnframt framúrskarandi hæfni í teymisvinnu
- Mjög góð enskukunnátta nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta

### UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 17. JANÚAR 2021

Tekið er við umsóknum í gegnum heimasíðu Vistor, www.vistor.is.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram koma ástæður þess að sótt er um starfið og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, markaðsstjóri, dagmar@vistor.is og Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is.

Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum, heilsuvörum og dýraheilbrigðisvörum á Íslandi. Fyrirtækið er samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja og veitir þeim þjónustu við skráningar, sölu- og markaðsmál, klínískar rannsóknir, auk þess að hafa milligöngu um innflutnings- og dreifingarstarfsemi. Vistor er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Artasan, Distica, MEDOR og Stoð.

**GILDI VISTOR ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI**



## Sunnulækjarskóli

**Vegna forfalla leitar Sunnulækjarskóli eftir kennara í tímabundna ráðningu til vors.**

Í skólanum eru um 735 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að umsækjendum með kennsluréttindi og sérhæfingu á grunnskólastigi, góða íslenskukunnáttu, áhuga og reynslu af teymiskennslu og góða samskiptahæfni. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2021.**

Sækja þarf um stöðurnar á vef Sveitarfélagsins Árborgar, http://starf.arborg.is.

***Skólastjóri***




## Process Analyst – Global Process Development

Össur leitar að metnaðarfullum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í Global Process Development teymi. Teymið styður hlutleysi í greiningu á verkferlum þvert á deildir fyrirtækisins með það að leiðarljósi að auðkenna kjörferla og leggja fram viðeigandi ferlabreytingar.

### STARFSSVIÐ

- Þátttaka og stuðningur við innleiðingu á stefnumótandi verkefnum
- Greining, skráning og frammistöðumæling á verkferlum þvert á deildir fyrirtækisins með það að leiðarljósi að greina og leggja til kjörlausnir og kjörferla
- Styðja og auðvelda ákvarðanatöku er varðar ferlabreytingar með ferlaeigendum þvert á deildir og í samvinnu við viðeigandi hagsmunaaðila
- Stjórnun á vinnustofum með öllum viðeigandi eigendum og hagsmunaaðilum verkferla
- Náin samvinna með ferlaeigendum, viðskiptaeiningum og tölvudeild í að stuðla að skilningi á ferlahönnun og viðskiptaþörfum

Sjá ossur.is/mannaudur fyrir nánari upplýsingar um starfssvið

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf eða reynsla sem nýtist í starfi
- Greiningar- og lausnamiðunarfærni
- Reynsla af viðskiptaferlum
- Reynsla af greiningu ferla og frammistöðumælingum
- Reynsla í ferlabreytingum og greiningu á kjörferlum
- Viðeigandi reynsla í verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfni
- Mjög góð enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og stjórnun hagsmunaaðila
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Lausnahönnuður á hugbúnaðarsviði

Við leitum að öflugum einstaklingi til að taka þátt í kröfugreiningu, útfærslu og framkvæmd á veigamikilli og metnaðarfullri stafrænni umbreytingu Össurar. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi verkefni í framsæknu og krefjandi umhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu við hugbúnaðargerð og lausnahönnun. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem á auðvelt með að fá fólk með sér í lið og ná því besta fram í öðrum.

### STARFSSVIÐ

- Þarfagreining og hönnun á stafrænum lausnum
- Leiðtogi þverfaglegs teymis sérfræðinga
- Utanumhald og stýring á verktökum og ráðgjöfum
- Samvinna við einingar og starfsstöðvar um allan heim

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á hugbúnaðarlausnum og stjórnun þverfaglegra teyma í hugbúnaðarþróun
- Greiningarhæfni, öguð og nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni, mjög góð enskukunnátta og þjónustulund
- Þekking á sjálfsafgreiðsluferlum og breytingastjórnun er æskileg
- Þekking á fyrirtækjarekstri er kostur

## Hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að drífandi forritara til að taka þátt í hönnun, útfærslu og umsjón á bakendum Össurar. Um er að ræða fjölbreytt og metnaðarfull verkefni í framsækmu og krefjandi tækniumhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir reynslu í vefþjónustugerð og samþættingu kerfa, vera útsjónarsamur og lausnamiðaður í hugsun.

### STARFSSVIÐ

- Hönnun og þróun á bakendalausnum
- Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum
- Utanumhald og stýring á verktökum og ráðgjöfum
- Samvinna við einingar og starfsstöðvar um allan heim

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun hugbúnaðar og samþættingalausna
- Þekking á eftirfarandi er kostur:
    - Azure og/eða öðrum skýjalausnum
    - API Management
    - JavaScript
- Hæfni til að starfa bæði sjálfstætt og í hópi
- Metnaður og lausnamiðuð hugsun
- Samskiptahæfni og mjög góð enskukunnátta

## Business Central / Navision sérfræðingur

Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingi til að taka þátt í hönnun og útfærslu á viðskiptalausnum fyrir vegferð Össurar yfir í Business Central. Um er að ræða fjölbreytt og metnaðarfull verkefni í framsækmu og spennandi tækniumhverfi. Viðkomandi þarf að búa yfir reynslu á viðskiptakerfum, vera útsjónarsamur og lausnamiðaður í hugsun.

### STARFSSVIÐ

- Þarfagreining og hönnun á viðskiptalausnum
- Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum
- Utanumhald og stýring á verktökum og ráðgjöfum
- Samvinna við einingar og starfsstöðvar um allan heim

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af hönnun og þróun hugbúnaðar
- Þekking á Business Central er æskileg
- Hæfni til að starfa bæði sjálfstætt og í hópi
- Metnaður og lausnamiðuð hugsun
- Samskiptahæfni og mjög góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.
Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.

Hjá félaginu starfa um 3500 manns í 26 löndum.

Gildi félagsins eru:
Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki

WWW.OSSUR.IS

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**




## FORSTÖÐUMAÐUR STAFRÆNNAR ÞRÓUNAR

Isavia óskar eftir að ráða í stöðu forstöðumanns stafrænnar þróunar.

Um nýtt starf er að ræða og mun viðkomandi taka virkan þátt í þróun þess. Forstöðumaður ber meðal annars ábyrgð á þarfagreiningu, forgangsröðun verkefna og innleiðingu stafrænna lausna í samstarfi við notendur. Einnig ber hann ábyrgð á rekstri og þróun vöruhúss gagna og vefs Isavia.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Hauksdóttir framkvæmdastjóri, **ragnheidur.hauksdottir@isavia.is** og á **isavia.is/atvinna.**

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogafærni og reynsla af stjórnun teymis sérfræðinga
- Reynsla og hæfni í vali og innleiðingu tæknilausna
- Góð samskiptafærni, framsýni og umbóta- og stefnumiðuð hugsun
- Brennandi áhugi og þekking á stafrænni tækni, rekstri og þjónustu

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli fyrirtækisins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

STARFSSTÖÐ: **HAFNARFJÖRÐUR**

UMSÓKNARFRESTUR: **24. JANÚAR**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**



— EMBÆTTI
## ORKUMÁLASTJÓRA

**Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2021.**

Embætti forstöðumanns Orkustofnunar, orkumálastjóra, er laust til umsóknar en ráðherra ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar skipar í það til fimm ára frá 1. maí 2021.

Stofnunin er leiðandi á sviði orkumála og gegnir lykilhlutverki í að fylgja eftir Orkustefnu landsins og samþætta hana við aðrar stefnur stjórnvalda og þarfir heimila og atvinnulífs. Orkumál varða grundvallarhagsmuni Íslands í efnahagslegu, umhverfislegu, samfélagslegu og alþjóðlegu tilliti.

Orkumálastjóri þarf að hafa góða leiðtogahæfileika, vera framsýnn og skapandi í hugsun, með ríka hæfni í samskiptum og samvinnu og hafa metnað til að leiða Ísland í átt að sjálfbærri orkuframtíð í samræmi við Orkustefnu landsins.

— EMBÆTTI FORSTJÓRA
## HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2021.**

Embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókna og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna, laust til umsóknar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar í embættið til fimm ára frá 1. apríl 2021.

Stofnunin er sjálfstæð rannsókna- og ráðgjafarstofnun sem heyrir undir sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra. Stofnunin á í víðtæku samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir, atvinnulíf og samfélag.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur leiðtogahæfileika, er framsýnn í hugsun, hefur sýnt hæfni í samskiptum og samvinnu og býr yfir metnaði til að ná árangri í þágu almennings og atvinnulífs.

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Nánari upplýsingar og hæfniskröfur má finna á www.starfatorg.is**

# Sálfræðingur

**Staða sálfræðings hjá Heilsuvernd er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.**

Við leitum eftir öflugum, reynslumiklum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
